

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1640**  
**komudagur 19.2.2013**

15. febrúar 2013

**Nefndarsvið Alþingis**

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál 570 á 141. löggjafarþingi**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa áður sent umsögn um sama mál á 140. löggjafarþingi. Frumvarpið hefur tekið all miklum breytingum frá því það var lagt fram síðast. Þessar breytingar eru almennt til þess fallnar að bæta frumvarpið frá því sem áður var. Þannig hefur áformum um takmarkanir á framsali aflaheimilda verið frestað og hætt við að rýra aflaheimildir um 3% við framsal þeirra. Frumvarpið felur áfram í sér að aflahlutdeildir verða tímabundnar auk þess sem óvissa er um hvað tekur við þegar sá 20 ára nýtingartími sem festur í er í frumvarpinu rennur út.

Þá er samkvæmt frumvarpinu verulegum hluta þeirra aflahlutdeilda sem sem núverandi aðilar í greininni hafa haft nýtingarétt á (flokkur 1) ráðstafað á næstu árum í flokk 2 kvótaþings. Ætlan með þessari skipan er að stuðla að nýliðun með útgáfu nýtingarleyfa en jafnframt kemur fram að ráðherra getur takmarkað eða stýrt úthlutun þessara leyfa með margvíslegum hætti auk þess sem hann getur áskilið sér (ráðherra) forkaupsrétt á þessum aflaheimildum við endursölu þeirra. Engin skýr fyriræli eru í frumvarpinu um við hvað ráðherra skuli styðjast við þessar ákvarðanir.

Þá eru áfram óljósar heimildir til ráðherra í frumvarpinu til ráðstöfunar andvirðis seldra aflaheimilda vegna flokks 2 á kvótaþingi. Tekjum þessum á að ráðstafa í sérstakan sjóð á vegum ráðherra og skal hann setja reglur um ráðstöfun sjóðsins. Fram kemur að ríkið skuli njóta 40% tekna, sveitarfélaög 40% og markaðs- og þróunarsjóður tengdur sjávarútvegi 20%. Engin frekar ákvæði eru þennan „markaðs- og þróunarsjóð“ í frumvarpinu.


Með þessum heimildum til ráðherra í frumvarpinu er að mati SFF er gengið lengra en áður í íslenski löggjöf að fela ráðherra heimildir án þess að hann sé bundinn af skýrum efnisákvæðum laga við ákvarðanir sínar.

Samtök fjármálafyrirtækja lýsa yfir áhyggjum sínum af þessu frumvarpi. Frumvarpið mun veikja stöðu þeirra fyrirtækja sem starfa við fiskveiðar. Virði þeirra og virði þeirra trygginga sem þau geta lagt

fyrir lánum mun minnka. Það kann að draga úr fjárfestingum í greininni og þannig veikja þrótt hennar til lengdar. Þá mun frumvarpið draga úr hagkvæmni í sjávarútvegi sem er ein aðalundirstaða íslensks efnahagslífs.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar eftir því sem við á í ljósi breytinga á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Yngvi Örn Kristinsson'.

Yngvi Örn Kristinsson SFF